

2007:3 • 15. mars 2007

## Fjármál hins opinbera á 4. ársfjórðungi 2006


Quarterly government accounts, 4th quarter 2006

Samantekt

Á 4. ársfjórðungi 2006 nam tekjuafgangur hins opinbera 20 milljörðum króna sem er nokkru betri afkoma en á 4. ársfjórðungi 2005 er hún mældist 18,6 milljarðar króna. Tekjuafgangur ársins 2006 nam 60,7 milljörðum króna sem svarar til 5,3% af landsframleiðslu en á árinu 2005 nam tekjuafgangurinn hins vegar 53,6 milljörðum króna eða 5,2% af landsframleiðslu. Þessi hagstæða afkoma skýrist fyrst og fremst af góðri tekjuafkomu ríkissjóðs en tekjuafkoma sveitarfélaganna var einnig jákvæð þessi ár eða sem svarar hálfri prósentu af landsframleiðslu

### Mynd 1. Tekjuafgangur hins opinbera sem hlutfall af landsframleiðslu

Figure 1. General government financial balance as per cent of GDP



### Hið opinbera

Tekjuafgangur hins opinbera 5,3% af landsframleiðslu á 4. ársfjórðungi og 13,3% af tekjum þess

Heildartekjur hins opinbera, þ.e. ríkissjóðs, almannatrygginga og sveitarfélaga, eru áætlaðar rúmlega 141 milljarðar króna á 4. fjórðungi 2006 samanborið við 128,5 milljarða króna á sama tímabili 2005. Skatttekjur og tryggingagjöld vega þyngst og skila hinu opinbera 122,5 milljörðum króna á síðasta ársfjórðungi 2006 samanborið við 110,6 milljarðar króna árið á undan eins og lesa má úr töflu 5. Á öllu árinu 2006 námu tekjur hins opinbera 533 milljörðum króna og hækkuðu um 9,5% milli ára. Sem hlutfall af landsframleiðslu mældust þær 46,7% samanborið við 47,7% árið 2005.



Heildarútgjöld hins opinbera námu 472,2 milljörðum króna á árinu 2006 samanborið við 433,2 milljarðar króna árið áður og er hækkunin 9% milli ára. Stærsti útgjaldapósturinn eru laun sem námu 181,7 milljarði króna á árinu 2006 samanborið við 160,4 milljarða króna árið 2005 og er hækkunin 13,3% milli ára. Kaup á vöru og þjónustu mældust 116,6 milljarðar króna og hækkuðu um 8,3% milli ára. Áætlað er að fjárfesting hins opinbera hafi numið 35,8 milljörðum króna á árinu 2006 samanborið við 31,8 milljarða króna árið 2005; hækkunin er 12,6%. Vaxtagjöld hins opinbera hækkuðu um tæplega 3 milljarða króna milli ára og eru áætluð 24,5 milljarðar króna 2006.

**Tafla 1. Fjárhagur hins opinbera á 4. ársfjórðungi og árunum 2005 og 2006**  
*Table 1. General government finances in 4th quarter and in 2005 and 2006*

Fjárhæðir í milljörðum króna	2005	2006	Breyting			Breyting
<i>Figures in billion ISK</i>	4. ársfj.	4. ársfj.	%			%
	<i>4th quart</i>	<i>4th quart</i>	<i>Change</i>	2005	2006	<i>Change</i>
1. Heildartekjur <i>Total revenue</i>	128,5	141,1	9,8	486,9	533,0	9,5
2. Heildarútgjöld <i>Total expenditure</i>	109,9	121,2	10,3	433,3	472,2	9,0
2.1 Fjárfesting <i>Investment</i>	6,3	7,8	23,8	31,8	35,8	12,6
3. Tekjujöfnuður (3 = 1 - 2) <i>Financial balance (3 = 1 - 2)</i>	18,6	20,0	•	53,6	60,7	•
4. Tekjujöfnuður % af tekjum <i>Financial bal. % of total revenue</i>	14,5	14,2	•	11,0	11,4	•
5. Tekjujöfnuður % af VLF <i>Financial balance % of GDP</i>	1,8	1,8	•	5,2	5,3	•

Tekjujöfnuðurinn hins opinbera reyndist jákvæður um 20 milljarða króna á 4. ársfjórðungi eða 1,8% af landsframleiðslu og 14,2% af tekjum sem er svipuð niðurstaða og á sama tíma 2005. Á árinu í heild nam tekjujöfnuður hins opinbera 60,7 milljörðum króna eða sem nemur 5,3% af landsframleiðslu og 11,4% af tekjum. Tekjujöfnuður hins opinbera 2005 var 53,6 milljarðar króna eða sem svarar til 5,2% af landsframleiðslu og 11% af tekjum.

## Ríkissjóður

*Tekjuafgangur ríkissjóðs 17,5 milljarðar á 4. ársfjórðungi eða 1,5% af landsframleiðslu*

Bráðabirgðatölur benda til þess að heildartekjur ríkissjóðs hafi verið 106,3 milljarðar króna á 4. ársfjórðungi 2006 og heildarútgjöld 88,8 milljarðar króna. Tekjujöfnuður ríkissjóðs er því áætlaður jákvæður um 17,5 milljarða króna á þeim ársfjórðungi eða sem nemur 1,5% af landsframleiðslu ársins. Bráðabirgðatölur fyrir árið í heild benda til þess að heildartekjur ríkissjóðs 2006 hafi aukist um 8,7% milli ára og mælist 395,2 milljarðar króna. Heildarútgjöld jukust hins vegar um 7,6% milli ára og mælast 342,3 milljarðar króna. Tekjuafgangur ríkissjóðs er því 52,9 milljarðar króna á síðasta ári eða sem nemur 4,6% af landsframleiðslu og um 13,4% af tekjum hans.

**Tafla 2. Fjárhagur ríkissjóðs á 4. ársfjórðungi og árunum 2005 og 2006**

Table 2. Central government finances in 4th quarter and in 2005 and 2006

Fjárhæðir í milljörðum króna	2005	2006	Breyting			Breyting
Figures in billion ISK	4. ársfj.	4. ársfj.	%	2005	2006	%
	4th quart	4. quart	Change %	2005	2006	Change %
1. Heildartekjur <i>Total revenue</i>	97,4	106,3	9,1	363,6	395,2	8,7
2. Heildarútgjöld <i>Total expenditure</i>	81,5	88,8	9,0	318,0	342,3	7,6
2.1 Fjárfesting <i>Investment</i>	2,6	3,7	42,3	13,2	15,6	18,2
3. Tekjujöfnuður (3 = 1 - 2) <i>Financial balance (3 = 1 - 2)</i>	15,9	17,5	•	45,6	52,9	•
4. Tekjujöfnuður % af tekjum <i>Financial bal. % of total revenue</i>	16,3	16,5	•	12,5	13,4	•
5. Tekjujöfnuður % af VLF ársins <i>Financial balance % of GDP</i>	1,6	1,5	•	4,5	4,6	•

Á árinu 2005 var tekjuafkoman ríkissjóðs hins vegar 45,6 milljarðar króna eða sem nemur 4,5% af landsframleiðslu og 12,5% af tekjum. Á árinu 2006 námu launaútgjöld ríkissjóðs rúmlega 100 milljörðum króna, fjárframlög til almannatrygginga og sveitarfélaga 97,2 milljörðum króna og kaup á vöru og þjónustu um 60 milljörðum króna. Útgjöld til fjárfestinga mældust 15,6 milljarðar króna samanborið við 13,2 milljarða króna árið 2005.

### Sveitarfélög

*Afkoma sveitarfélaganna  
hagstæðari en áður var talið*

Heildartekjur sveitarfélaganna á 4. ársfjórðungi 2006 eru áætlaðar 38,2 milljarðar króna og heildarútgjöld 36,4 milljarðar króna. Tekjuafgangur þess ársfjórðungs er því áætlaður um 1,9 milljarðar króna eða sem nemur 0,2% af landsframleiðslu. Þetta er nokkru betri niðurstaða en á sama tímabili 2005 er tekjuafkoman var 1,5 milljarðar króna.<sup>1</sup> Heildartekjur sveitarfélaganna 2006 námu 149,9 milljörðum króna samanborið við 134,1 milljarð króna árið 2005 og er hækkunin milli ára 11,8%. Útgjöldin jukust hins vegar um 11,4% og mældust 144,5 milljarðar króna á árinu 2006. Tekjuafgangur ársins er því áætlaður 5,4 milljarðar króna eða 0,5% af landsframleiðslu og 3,6% af tekjum. Á árinu 2005 nam tekjuafkoma sveitarfélaganna hins vegar 4,4 milljörðum króna eða 0,4% af landsframleiðslu og 3,3% af tekjum. Áætluð fjárfesting sveitarfélaganna á árinu 2006 er rúmlega 20 milljarðar króna samanborið við 18,5 milljarða króna árið 2005.

<sup>1</sup> Rétt er að nefna í þessu samhengi að Hagstofan hefur endurskoðað úrvinnslu sína úr ársreikningum sveitarfélaganna aftur til ársins 1998 og mun birta ítarlegra efni um sveitarfélögin í marslok 2007.

**Tafla 3. Fjárhagur sveitarfélaga á 4. ársfjórðungi og árunum 2005 og 2006**

Table 3. Local government finances in 4th quarter and in 2005 and 2006

Fjárhæðir í milljörðum króna	2005	2006	Breyting			Breyting
Figures in billion ISK	4. ársfj.	4. ársfj.	%			%
	4th quart	4. quart	Change %	2005	2006	Change %
1. Heildartekjur <i>Total revenue</i>	34,2	38,2	11,7	134,1	149,9	11,8
2. Heildarútgjöld <i>Total expenditure</i>	32,8	36,4	11,0	129,7	144,5	11,4
2.1 Fjárfesting <i>Investment</i>	3,7	4,0	8,1	18,5	20,1	8,6
3. Tekjujöfnuður (3 = 1 - 2) <i>Financial balance (3 = 1 - 2)</i>	1,5	1,9	•	4,4	5,4	•
4. Tekjujöfnuður % af tekjum <i>Financial bal. % of total revenue</i>	4,2	4,9	•	3,3	3,6	•
5. Tekjujöfnuður % af VLF ársins <i>Financial balance % of GDP</i>	0,1	0,2	•	0,4	0,5	•

### Gagna- og aðferðalýsing

Megináhersla á tekjuafkomu og samræmi við uppgjör þjóðhagsreikninga

Áætlanir um tekjur og gjöld ríkissjóðs byggja á gögnum frá Fjársýslu ríkisins. Reynt er að meta tekjur og gjöld á rekstrargrunni í samræmi við uppgjör þjóðhagsreikninga, ekki á greiðslugrunni eins og mánaðarhefti ríkissjóðs sýna. Rekstrargrunnur felur í sér að skuldbindingar eru færðar til tekna eða gjalda þegar til þeirra er stofnað, óháð því hvenær greiðslur fara fram. Við mat á fjármálum sveitarfélaganna er byggt á úrtaki stærstu sveitarfélaga landsins, sem nær til um tveggja þriðju hluta íbúafjöldans, og er það uppfært til heildar. Tölur um fjárfestingu sveitarfélaganna eru háðar nokkurri óvissu og er því að hluta byggt á fjárhagsáætlunum sveitarfélaganna fyrir árið í heild ásamt ársfjórðungstölum úrtaksins. Fram til þessa er hefur ekki reynst unnt að birta mikla sundurliðun á fjármálum hins opinbera en nú hefur verið úr því bætt.

Hagstofan leggur hér megináherslu á tekjuafkomuna við mat á afkomu hins opinbera. En annar mælikvarði er einnig notaður en það er rekstrarafkoma. Munurinn á rekstrarjöfnuði og tekjujöfnuði er sá að rekstrarjöfnuður sýnir niðurstöðu rekstrareiknings eftir að afskriftir hafa verið gjaldfærðar en tekjujöfnuður sýnir niðurstöðuna eftir að fjárfesting hefur verið dregin frá rekstrarjöfnuði en þá eru afskriftir ekki gjaldfærðar. Munur þessara tveggja mælikvarða felst því í muninum á afskriftum og fjárfestingu. Ef fjárfestingin er hærri en afskriftir verður tekjujöfnuðurinn lakari en rekstrarjöfnuðurinn sem þeim mun nemur.

## English summary

In the 4th quarter of 2006, the financial balance of general government (i.e. the central government, the social security funds and the local governments) amounted to 20 billion krónur in surplus or 1.8 per cent of GDP. This can be compared with a surplus of 1.8 per cent of GDP in the 4th quarter of 2005. In 2006, the general government financial balance was positive by 60.7 billion krónur or by 5.3 per cent of GDP. In 2005, the general government financial balance was 53.6 billion krónur or 5.2 per cent of GDP. This favourable result is mainly caused by a record high surplus in central government finances. The local government financial balance went from a deficit in 2004 to a slight surplus in 2005 which amounted to 4.4 billion krónur or 0.4 per cent of GDP. In 2006, the local government financial balance is expected to be in surplus by 0.5% of GDP.

The revenue and expenditure figures for the general government and its subsectors are presented on an accrual basis and in line with national accounts principles whereas the monthly figures on central government published by the Government Financial Authority are on cash basis. Accrual basis means that flows are recorded when they are established regardless of when the actual payments are made. The data presented here, both for the central and local governments, are preliminary.

**Tafla 4. Fjármál hins opinbera eftir ársfjórðungum 2004–2006**

Table 4. Quarterly Government Finances 2004–2006

Verðlag hvers árs, milljarðar króna <i>Billion ISK at current prices</i>	Heildarútgjöld		- þar af	Tekjujöfnuður		
	Heildartekjur <i>Total revenue</i>	<i>Total</i> expenditure	fjárfesting <i>- thereof</i> investment	Tekjujöfnuður <i>Financial</i> balance	hlutfall af <i>Financial</i> balance % of	Tekjujöfnuður <i>Financial</i> balance %
	(1)	(2)	(2.1)	(3=2-1)	total revenue	of GDP
<b>Híð opinbera <i>The General Government</i></b>						
<b>2004</b>	<b>410,8</b>	<b>409,2</b>	<b>35,9</b>	<b>1,6</b>	<b>0,4</b>	<b>0,2</b>
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	96,8	97,7	6,8	-0,9	-0,9	-0,1
2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	100,0	102,5	10,7	-2,5	-2,5	-0,3
3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	106,0	107,8	10,8	-1,8	-1,7	-0,2
4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>	108,0	101,2	7,7	6,8	6,3	0,7
<b>2005</b>	<b>486,9</b>	<b>433,3</b>	<b>31,8</b>	<b>53,6</b>	<b>11,0</b>	<b>5,2</b>
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	114,9	102,9	6,1	12,0	10,5	1,2
2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	118,4	111,1	8,9	7,3	6,2	0,7
3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	125,2	109,5	10,5	15,7	12,6	1,6
4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>	128,5	109,9	6,3	18,6	14,5	1,8
<b>2006</b>	<b>533,0</b>	<b>472,2</b>	<b>35,8</b>	<b>60,7</b>	<b>11,4</b>	<b>5,3</b>
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	128,3	111,7	6,8	16,6	13,0	1,5
2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	130,5	119,7	10,4	10,8	8,3	0,9
3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	133,0	119,7	10,9	13,3	10,0	1,2
4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>	141,1	121,2	7,8	20,0	14,2	1,8
<b>Ríkisjóður <i>The Central Government</i></b>						
<b>2004</b>	<b>306,9</b>	<b>297,6</b>	<b>16,5</b>	<b>9,3</b>	<b>3,0</b>	<b>1,0</b>
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	70,8	69,6	2,9	1,2	1,7	0,1
2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	73,6	74,4	4,8	-0,9	-1,2	-0,1
3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	80,5	81,4	4,9	-0,9	-1,2	-0,1
4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>	82,0	72,2	3,8	9,8	12,0	1,1
<b>2005</b>	<b>363,6</b>	<b>318,0</b>	<b>13,2</b>	<b>45,6</b>	<b>12,5</b>	<b>4,5</b>
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	83,8	74,8	2,4	9,0	10,8	0,9
2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	87,5	79,2	3,3	8,4	9,6	0,8
3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	94,8	82,5	4,9	12,3	13,0	1,2
<b>2006</b>	<b>395,2</b>	<b>342,3</b>	<b>15,6</b>	<b>52,9</b>	<b>13,4</b>	<b>4,6</b>
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	93,5	81,3	2,7	12,2	13,0	1,1
2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	95,9	83,8	4,4	12,1	12,7	1,1
3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	99,5	88,4	4,8	11,0	11,1	1,0
4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>	106,3	88,8	3,7	17,5	16,5	1,5
<b>Sveitarfélög <i>The Local Governments</i></b>						
<b>2004</b>	<b>114,1</b>	<b>119,9</b>	<b>19,3</b>	<b>-5,8</b>	<b>-5,1</b>	<b>-0,6</b>
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	28,2	28,6	3,9	-0,4	-1,4	-
2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	28,7	31,4	5,8	-2,6	-9,2	-0,3
3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	28,0	30,0	5,8	-2,0	-7,3	-0,2
4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>	29,2	29,9	3,9	-0,8	-2,6	-0,1

Tafla 4. Fjármál hins opinbera eftir ársfjórðungum 2004–2006 (frh.)  
 Table 4. Quarterly Government Finances 2004–2006 (cont)

Verðlag hvers árs, milljarðar króna <i>Billion ISK at current prices</i>				Tekjujöfnuður		
	Heildartekjur <i>Total revenue</i> (1)	Heildarútgjöld <i>Total expenditure</i> (2)	þar af fjárfesting - thereof <i>investment</i> (2.1)	Tekjujöfnuður <i>Financial balance</i> (3=1-2)	hlutfall af heildartekjum <i>Financial balance % of total revenue</i>	Tekjujöfnuður hlutfall af VLF <i>Financial balance % of GDP</i>
<b>2005</b>	<b>134,1</b>	<b>129,7</b>	<b>18,5</b>	<b>4,4</b>	<b>3,3</b>	<b>0,4</b>
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	33,6	30,9	3,7	2,7	8,1	0,3
2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	33,3	33,5	5,5	-0,2	-0,6	–
3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	32,9	32,5	5,5	0,5	1,4	–
4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>	34,2	32,8	3,7	1,5	4,2	0,1
<b>2006</b>	<b>149,9</b>	<b>144,5</b>	<b>20,1</b>	<b>5,4</b>	<b>3,6</b>	<b>0,5</b>
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	37,5	34,2	4,0	3,3	8,8	0,3
2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	37,3	37,6	6,0	-0,3	-0,9	–
3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	36,8	36,3	6,0	0,6	1,6	0,1
4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>	38,2	36,4	4,0	1,9	4,9	0,2
<b>Almannatryggingar</b>						
<b>The Social Security Funds 2004</b>	<b>74,0</b>	<b>75,9</b>	<b>0,1</b>	<b>-1,8</b>	<b>-2,5</b>	<b>-0,2</b>
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	17,0	18,7	–	-1,8	-10,4	-0,2
2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	19,2	18,6	–	0,7	3,4	0,1
3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	20,1	19,4	–	0,8	3,8	0,1
4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>	17,7	19,2	–	-1,5	-8,5	-0,2
<b>2005</b>	<b>81,2</b>	<b>77,6</b>	<b>0,1</b>	<b>3,6</b>	<b>4,4</b>	<b>0,4</b>
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	19,4	19,1	–	0,3	1,3	–
2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	19,1	20,0	–	-0,9	-4,5	-0,1
3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	21,8	19,2	0,1	2,6	11,8	0,3
4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>	20,9	19,3	–	1,6	7,8	0,2
<b>2006</b>	<b>84,4</b>	<b>82,0</b>	<b>0,2</b>	<b>2,4</b>	<b>2,9</b>	<b>0,2</b>
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	21,1	20,3	–	0,8	4,0	0,1
2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	19,5	20,5	–	-1,1	-5,4	-0,1
3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	22,2	20,4	0,1	1,8	7,9	0,2
4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>	21,6	20,7	–	0,9	4,1	0,1

**Tafla 5. Tekjur og gjöld hins opinbera eftir ársfjórðungum 2005–2006**

Table 5. Quarterly Government Revenue and Expenditure 2005–2006

Verðlag hvers árs, milljarðar króna <i>Billion ISK at current prices</i>	2005					2006				
	Alls <i>Total</i>	Ársfjórðungar <i>Quarters</i>				Alls <i>Total</i>	Ársfjórðungar <i>Quarters</i>			
		I	II	III	IV		I	II	III	IV
<b>1 Heildartekjur</b> <i>Total revenue</i>	<b>486,9</b>	<b>114,9</b>	<b>118,4</b>	<b>125,2</b>	<b>128,5</b>	<b>533,0</b>	<b>128,3</b>	<b>130,5</b>	<b>133,0</b>	<b>141,1</b>
11 Skatttekjur <i>Taxes</i>	383,7	90,4	91,2	100,2	101,9	423,9	101,9	103,5	105,7	112,8
111 Skattar á tekjur <i>Taxes on revenue</i>	180,2	43,0	42,6	43,6	51,0	205,4	48,5	49,5	46,4	61,0
112 Skattar á laun <i>Taxes on payroll</i>	0,3	0,1	0,1	0,1	0,1	0,3	0,1	0,1	0,1	0,1
113 Eignarskattar <i>Property taxes</i>	26,4	6,5	6,7	7,3	5,8	24,8	6,9	6,3	5,4	6,2
114 Skattar á V&Ð <i>Taxes on G&amp;S</i>	171,7	39,6	40,5	47,9	43,6	187,6	45,2	46,4	51,7	44,3
115 Sk. á alp.viðsk. <i>Taxes on int. trade</i>	3,5	0,8	0,8	1,0	0,9	4,2	1,0	1,0	1,1	1,0
116 Aðrir skattar <i>Other taxes</i>	1,6	0,4	0,4	0,4	0,5	1,6	0,2	0,2	0,9	0,3
12 Tryggingagjöld <i>Social contributions</i>	32,8	7,7	8,1	8,3	8,7	37,2	8,8	9,1	9,5	9,7
13 Fjárframlög <i>Grants</i>	1,2	0,3	0,3	0,3	0,3	1,3	0,3	0,3	0,3	0,3
14 Eignatekjur <i>Other revenue</i>	69,3	16,5	18,9	16,4	17,6	70,6	17,3	17,5	17,5	18,3
<b>2 Heildarútgjöld</b> <i>Total expenditure</i>	<b>433,3</b>	<b>102,9</b>	<b>111,1</b>	<b>109,5</b>	<b>109,9</b>	<b>472,2</b>	<b>111,7</b>	<b>119,7</b>	<b>119,7</b>	<b>121,2</b>
21 Laun <i>Wages</i>	160,4	37,8	41,4	39,0	42,2	181,7	42,4	46,1	45,2	47,9
22 Kaup á V&Ð <i>Use of G&amp;S</i>	107,8	26,3	27,8	25,8	27,9	116,6	27,9	29,6	28,5	30,6
23 Afskriftir <i>Consump. of fixed capital</i>	18,7	4,7	4,7	4,7	4,7	20,8	5,2	5,2	5,2	5,2
24 Vaxtagjöld <i>Interest</i>	21,7	5,4	5,4	5,4	5,4	24,5	6,1	6,1	6,1	6,1
25 Framleiðslustyrkir <i>Subsidies</i>	20,7	5,0	4,9	5,5	5,3	19,2	4,8	4,5	5,0	4,9
26 Fjárframlög <i>Grants</i>	1,2	0,3	0,3	0,3	0,3	1,5	0,4	0,4	0,4	0,4
27 Fél. tilf. til heimila <i>Social benefits</i>	63,6	15,7	16,2	16,0	15,8	66,0	16,5	16,3	16,6	16,6
28 Önnur útgjöld <i>Other expenditure</i>	26,0	6,3	6,2	6,9	6,6	26,9	6,7	6,3	7,0	6,9
31 Fjárfesting <i>Investment</i>	31,8	6,1	8,9	10,5	6,3	35,8	6,8	10,4	10,9	7,8
23 - Afskriftir <i>Consump. of fixed capital</i>	-18,7	-4,7	-4,7	-4,7	-4,7	-20,8	-5,2	-5,2	-5,2	-5,2
<b>Tekjujöfnuður (1-2)</b> <i>Financial balance</i>	<b>53,6</b>	<b>12,0</b>	<b>7,3</b>	<b>15,7</b>	<b>18,6</b>	<b>60,7</b>	<b>16,6</b>	<b>10,8</b>	<b>13,3</b>	<b>20,0</b>
<b>Tekjujöfnuður % af tekjum</b>										
<i>Financial balance % of total revenue</i>	<b>11,0</b>	<b>10,5</b>	<b>6,2</b>	<b>12,6</b>	<b>14,5</b>	<b>11,4</b>	<b>13,0</b>	<b>8,3</b>	<b>10,0</b>	<b>14,2</b>
<b>Tekjujöfnuður % af VLF</b>										
<i>Financial balance % of GDP</i>	<b>5,2</b>	<b>1,2</b>	<b>0,7</b>	<b>1,5</b>	<b>1,8</b>	<b>5,3</b>	<b>1,5</b>	<b>0,9</b>	<b>1,2</b>	<b>1,8</b>



**Tafla 6. Tekjur og gjöld ríkissjóðs eftir ársfjórðungum 2005–2006**  
*Table 6. Quarterly Central Government Revenue and Expenditure 2005–2006*

Verðlag hvers árs, milljarðar króna <i>Billion ISK at current prices</i>	2005					2006				
	Alls <i>Total</i>	Ársfjórðungar <i>Quarters</i>				Alls <i>Total</i>	Ársfjórðungar <i>Quarters</i>			
		I	II	III	IV		I	II	III	IV
<b>1 Heildartekjur</b> <i>Total revenue</i>	<b>363,6</b>	<b>83,8</b>	<b>87,5</b>	<b>94,8</b>	<b>97,4</b>	<b>395,2</b>	<b>93,5</b>	<b>95,9</b>	<b>99,5</b>	<b>106,3</b>
11 Skatttekjur <i>Taxes</i>	288,3	66,6	67,7	76,6	77,4	314,6	74,6	76,6	78,6	84,8
111 Skattar á tekjur <i>Taxes on revenue</i>	105,7	24,1	24,7	25,5	31,4	121,3	27,1	29,3	26,0	38,9
112 Skattar á laun <i>Taxes on payroll</i>	0,3	0,1	0,1	0,1	0,1	0,3	0,1	0,1	0,1	0,1
113 Eignarskattar <i>Property taxes</i>	12,5	3,0	3,2	3,8	2,4	8,2	2,7	2,2	1,3	2,0
114 Skattar á V&Ð <i>Taxes on G&amp;S</i>	164,8	38,2	38,4	45,8	42,3	179,2	43,5	43,9	49,2	42,6
115 Sk. á alp.viðsk. <i>Taxes on int. trade</i>	3,5	0,8	0,8	1,0	0,9	4,2	1,0	1,0	1,1	1,0
116 Aðrir skattar <i>Other taxes</i>	1,5	0,3	0,4	0,4	0,4	1,4	0,1	0,2	0,9	0,2
12 Tryggingagjöld <i>Social contributions</i>	32,8	7,7	8,1	8,3	8,7	37,2	8,8	9,1	9,5	9,7
13 Fjárframlög <i>Grants</i>	1,7	0,3	0,2	0,2	1,0	2,0	0,3	0,1	0,7	0,9
14 Eignatekjur <i>Other revenue</i>	40,8	9,2	11,6	9,7	10,3	41,5	9,9	10,1	10,6	10,9
<b>2 Heildarútgjöld</b> <i>Total expenditure</i>	<b>318,0</b>	<b>74,8</b>	<b>79,2</b>	<b>82,5</b>	<b>81,5</b>	<b>342,3</b>	<b>81,3</b>	<b>83,8</b>	<b>88,4</b>	<b>88,8</b>
21 Laun <i>Wages</i>	89,3	21,0	23,4	21,5	23,3	100,4	23,2	25,5	25,1	26,7
22 Kaup á V&Ð <i>Use of G&amp;S</i>	56,1	13,2	14,7	13,5	14,7	59,8	13,8	15,2	15,0	15,9
23 Afskriftir <i>Consump. of fixed capital</i>	13,6	3,4	3,4	3,4	3,4	15,1	3,8	3,8	3,8	3,8
24 Vaxtagjöld <i>Interest</i>	17,5	4,4	4,4	4,4	4,4	19,9	5,0	5,0	5,0	5,0
25 Framleiðslustyrkir <i>Subsidies</i>	18,1	4,3	4,3	4,9	4,7	16,3	4,1	3,8	4,3	4,2
26 Fjárframlög <i>Grants</i>	92,5	22,1	21,7	24,9	23,8	97,2	24,3	22,4	25,5	24,9
27 Fél. tilf. til heimila <i>Social benefits</i>	11,0	2,6	2,6	3,0	2,8	11,9	3,0	2,7	3,1	3,0
28 Önnur útgjöld <i>Other expenditure</i>	20,2	4,8	4,8	5,4	5,2	21,3	5,3	4,9	5,6	5,5
31 Fjárfesting <i>Investment</i>	13,2	2,4	3,3	4,9	2,6	15,6	2,7	4,4	4,8	3,7
23 - Afskriftir <i>Consump. of fixed capital</i>	-13,6	-3,4	-3,4	-3,4	-3,4	-15,1	-3,8	-3,8	-3,8	-3,8
<b>Tekjujöfnuður (1-2)</b> <i>Financial balance</i>	<b>45,6</b>	<b>9,0</b>	<b>8,4</b>	<b>12,3</b>	<b>15,9</b>	<b>52,9</b>	<b>12,2</b>	<b>12,1</b>	<b>11,0</b>	<b>17,5</b>
<b>Tekjujöfnuður % af tekjum</b>										
<i>Financial balance % of total revenue</i>	<b>12,5</b>	<b>10,8</b>	<b>9,6</b>	<b>13,0</b>	<b>16,3</b>	<b>13,4</b>	<b>13,0</b>	<b>12,7</b>	<b>11,1</b>	<b>16,5</b>
<b>Tekjujöfnuður % af VLF</b>										
<i>Financial balance % of GDP</i>	<b>4,5</b>	<b>0,9</b>	<b>0,8</b>	<b>1,2</b>	<b>1,6</b>	<b>4,6</b>	<b>1,1</b>	<b>1,1</b>	<b>1,0</b>	<b>1,5</b>

**Tafla 7. Tekjur og gjöld sveitarfélaga eftir ársfjórðungum 2005–2006**

*Table 7. Quarterly Local Government Revenue and Expenditure 2005–2006*

Verðlag hvers árs, milljarðar króna <i>Billion ISK at current prices</i>	2005					2006				
	Alls <i>Total</i>	Ársfjórðungar <i>Quarters</i>				Alls <i>Total</i>	Ársfjórðungar <i>Quarters</i>			
		I	II	III	IV		I	II	III	IV
<b>1 Heildartekjur</b> <i>Total revenue</i>	<b>134,1</b>	<b>33,6</b>	<b>33,3</b>	<b>32,9</b>	<b>34,2</b>	<b>149,9</b>	<b>37,5</b>	<b>37,3</b>	<b>36,8</b>	<b>38,2</b>
11 Skatttekjur <i>Taxes</i>	95,4	23,8	23,5	23,6	24,5	109,3	27,3	26,9	27,1	28,0
111 Skattar á tekjur <i>Taxes on revenue</i>	74,5	19,0	17,9	18,0	19,6	84,1	21,4	20,2	20,4	22,1
112 Skattar á laun <i>Taxes on payroll</i>	–	–	–	–	–	–	–	–	–	–
113 Eignarskattar <i>Property taxes</i>	13,9	3,5	3,5	3,5	3,5	16,6	4,2	4,2	4,2	4,2
114 Skattar á V&Ð <i>Taxes on G&amp;S</i>	6,9	1,4	2,1	2,1	1,4	8,4	1,7	2,5	2,5	1,7
115 Sk. á alp.viðsk. <i>Taxes on int. trade</i>	–	–	–	–	–	–	–	–	–	–
116 Aðrir skattar <i>Other taxes</i>	0,1	–	–	–	–	0,1	–	–	–	–
12 Tryggingagjöld <i>Social contributions</i>	–	–	–	–	–	–	–	–	–	–
13 Fjárframlög <i>Grants</i>	11,1	2,7	2,8	2,8	2,7	12,5	3,1	3,2	3,2	3,1
14 Eignatekjur <i>Other revenue</i>	27,6	7,0	7,0	6,5	7,0	28,1	7,2	7,2	6,6	7,2
<b>2 Heildarútgjöld</b> <i>Total expenditure</i>	<b>129,7</b>	<b>30,9</b>	<b>33,5</b>	<b>32,5</b>	<b>32,8</b>	<b>144,5</b>	<b>34,2</b>	<b>37,6</b>	<b>36,3</b>	<b>36,4</b>
21 Laun <i>Wages</i>	60,0	14,2	15,1	14,8	16,0	69,2	16,5	17,6	17,1	18,1
22 Kaup á V&Ð <i>Use of G&amp;S</i>	33,4	8,5	8,5	7,7	8,6	36,2	9,0	9,3	8,4	9,5
23 Afskriftir <i>Consump. of fixed capital</i>	5,1	1,3	1,3	1,3	1,3	5,7	1,4	1,4	1,4	1,4
24 Vaxtagjöld <i>Interest</i>	4,2	1,1	1,1	1,1	1,1	4,6	1,2	1,2	1,2	1,2
25 Framleiðslustyrkir <i>Subsidies</i>	2,5	0,6	0,6	0,6	0,6	2,7	0,7	0,7	0,7	0,7
26 Fjárframlög <i>Grants</i>	0,5	0,1	0,1	0,1	0,1	0,7	0,2	0,2	0,2	0,2
27 Fél. tilf. til heimila <i>Social benefits</i>	5,1	1,3	1,3	1,3	1,3	5,6	1,4	1,4	1,4	1,4
28 Önnur útgjöld <i>Other expenditure</i>	5,5	1,4	1,4	1,4	1,4	5,4	1,3	1,3	1,3	1,3
31 Fjárfesting <i>Investment</i>	18,5	3,7	5,5	5,5	3,7	20,1	4,0	6,0	6,0	4,0
23 - Afskriftir <i>Consump. of fixed capital</i>	-5,1	-1,3	-1,3	-1,3	-1,3	-5,7	-1,4	-1,4	-1,4	-1,4
<b>Tekjujöfnuður (1-2)</b> <i>Financial balance</i>	<b>4,4</b>	<b>2,7</b>	<b>-0,2</b>	<b>0,5</b>	<b>1,5</b>	<b>5,4</b>	<b>3,3</b>	<b>-0,3</b>	<b>0,6</b>	<b>1,9</b>
<b>Tekjujöfnuður % af tekjum</b>										
<i>Financial balance % of total revenue</i>	<b>3,3</b>	<b>8,1</b>	<b>-0,6</b>	<b>1,4</b>	<b>4,2</b>	<b>3,6</b>	<b>8,8</b>	<b>-0,9</b>	<b>1,6</b>	<b>4,9</b>
<b>Tekjujöfnuður % af VLF</b>										
<i>Financial balance % of GDP</i>	<b>0,4</b>	<b>0,3</b>	–	–	<b>0,1</b>	<b>0,5</b>	<b>0,3</b>	–	<b>0,1</b>	<b>0,2</b>

**Tafla 8. Tekjur og gjöld almannatrygginga eftir ársfjórðungum 2005–2006**  
*Table 8. Quarterly Social Security Funds Revenue and Expenditure 2005–2006*

Verðlag hvers árs, milljarðar króna <i>Billion ISK at current prices</i>	2005					2006				
	Alls <i>Total</i>	Ársfjórðungar <i>Quarters</i>				Alls <i>Total</i>	Ársfjórðungar <i>Quarters</i>			
		I	II	III	IV		I	II	III	IV
<b>1 Heildartekjur</b> <i>Total revenue</i>	<b>81,2</b>	<b>19,4</b>	<b>19,1</b>	<b>21,8</b>	<b>20,9</b>	<b>84,4</b>	<b>21,1</b>	<b>19,5</b>	<b>22,2</b>	<b>21,6</b>
11 Skatttekjur <i>Taxes</i>	–	–	–	–	–	–	–	–	–	–
111 Skattar á tekjur <i>Taxes on revenue</i>	–	–	–	–	–	–	–	–	–	–
112 Skattar á laun <i>Taxes on payroll</i>	–	–	–	–	–	–	–	–	–	–
113 Eignarskattar <i>Property taxes</i>	–	–	–	–	–	–	–	–	–	–
114 Skattar á V&Ð <i>Taxes on G&amp;S</i>	–	–	–	–	–	–	–	–	–	–
115 Sk. á alp.viðsk. <i>Taxes on int. trade</i>	–	–	–	–	–	–	–	–	–	–
116 Aðrir skattar <i>Other taxes</i>	–	–	–	–	–	–	–	–	–	–
12 Tryggingagjöld <i>Social contributions</i>	–	–	–	–	–	–	–	–	–	–
13 Fjárframlög <i>Grants</i>	80,3	19,1	18,9	21,6	20,7	83,4	20,9	19,2	21,9	21,4
14 Eignatekjur <i>Other revenue</i>	0,9	0,2	0,2	0,2	0,2	1,0	0,3	0,3	0,3	0,3
<b>2 Heildarútgjöld</b> <i>Total expenditure</i>	<b>77,6</b>	<b>19,1</b>	<b>20,0</b>	<b>19,2</b>	<b>19,3</b>	<b>82,0</b>	<b>20,3</b>	<b>20,5</b>	<b>20,4</b>	<b>20,7</b>
21 Laun <i>Wages</i>	11,0	2,6	2,9	2,7	2,9	12,1	2,8	3,1	3,0	3,2
22 Kaup á V&Ð <i>Use of G&amp;S</i>	18,4	4,6	4,6	4,6	4,6	20,6	5,1	5,1	5,1	5,1
23 Afskriftir <i>Consump. of fixed capital</i>	–	–	–	–	–	–	–	–	–	–
24 Vaxtagjöld <i>Interest</i>	–	–	–	–	–	–	–	–	–	–
25 Framleiðslustyrkir <i>Subsidies</i>	0,1	–	–	–	–	0,2	–	–	–	–
26 Fjárframlög <i>Grants</i>	0,1	–	–	–	–	0,1	–	–	–	–
27 Fél. tilf. til heimila <i>Social benefits</i>	47,5	11,8	12,3	11,8	11,6	48,5	12,2	12,1	12,0	12,2
28 Önnur útgjöld <i>Other expenditure</i>	0,3	0,1	0,1	0,1	0,1	0,3	0,1	0,1	0,1	0,1
31 Fjárfesting <i>Investment</i>	0,1	–	–	0,1	–	0,2	–	–	0,1	–
23 - Afskriftir <i>Consump. of fixed capital</i>	–	–	–	–	–	–	–	–	–	–
<b>Tekjujöfnuður (1-2)</b> <i>Financial balance</i>	<b>3,6</b>	<b>0,3</b>	<b>-0,9</b>	<b>2,6</b>	<b>1,6</b>	<b>2,4</b>	<b>0,8</b>	<b>-1,1</b>	<b>1,8</b>	<b>0,9</b>
<b>Tekjujöfnuður % af tekjum</b>										
<i>Financial balance % of total revenue</i>	<b>4,4</b>	<b>1,3</b>	<b>-4,5</b>	<b>11,8</b>	<b>7,8</b>	<b>2,9</b>	<b>4,0</b>	<b>-5,4</b>	<b>7,9</b>	<b>4,1</b>
<b>Tekjujöfnuður % af VLF</b>										
<i>Financial balance % of GDP</i>	<b>0,4</b>	–	<b>-0,1</b>	<b>0,3</b>	<b>0,2</b>	<b>0,2</b>	<b>0,1</b>	<b>-0,1</b>	<b>0,2</b>	<b>0,1</b>

**Hagtiðindi** **Þjóðhagsreikningar**  
**Statistical Series** **National Accounts**

92. árgangur nr. 24 2007:3

ISSN 0019-1078 ISSN 1670-4657 (pappír *paper*) • ISSN 1670-4665 (pdf)

Verð ISK 500 *Price EUR 7*

Umsjón *Supervision* Jóhann Rúnar Björgvinsson • johann.runar.bjorgvinsson@hagstofa.is

Sími *Telephone* +(354) 528 1000 © Hagstofa Íslands *Statistics Iceland* • Borgartúni 21a 150 Reykjavík Iceland

Bréfasími *Fax* +(354) 528 1099 Öllum eru heimil afnot af ritinu. Vinsamlega getið heimildar. *Please quote the source.*

[www.hagstofa.is/hagtidindi](http://www.hagstofa.is/hagtidindi) [www.statice.is/series](http://www.statice.is/series)